

## Fundargerð

06012001

Mánudaginn 6. janúar kl: 17:00 kom hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 1. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur, Eyþór og Jón.

### 1. Úthlutun byggðakvóta 2019/2020

Borgarfjarðarhreppur hefur fengið úthlutað 26 þorskígildistönnum. Fiskistofa annast úthlutun samkvæmt gildandi reglum.

### 2. Umsókn um íbúð frá Árna Magnússyni.

Árni sækir um leiguíbúð, engin íbúð er laus en auglýst verður um leið og íbúð losnar.

### 3. Bygging leiguíbúða.

Tilboð hafa borist sem eru til skoðunar. Ákvörðun verður tekin innan skamms.

### 4. Fundargerðir:

a. Samband ísl. sveitarfélaga 13.12.2019, lögð fram til kynningar.

b. Hafnarsamband Íslands 06.12.2019, lögð fram til kynningar.

### 5. Skýrsla sveitarstjóra, málun og yfirferð á Breiðvangi 1 í gangi. Fjarðarborg blásari í loftræstingu og talsvert af ljósum endurnýjað. Uppgjör á lagningu ljósleiðara í vinnslu.

Fundi slitið kl: 18.50

Jón Þórðarson ritaði